

**REGLUGERÐ**  
**um breytingu á reglugerð um leigubifreiðar nr. 397/2003.**

1. gr.

Við reglugerðina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þrátt fyrir 2. málsl. 1. mgr. 19. gr. getur Samgöngustofa heimilað tímabundna innlögn á atvinnuleyfi til skemmri tíma en tveggja mánaða.

Ákvæði þetta fellur brott 31. maí 2020.

2. gr.

*Lagastoð og gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 13. gr. laga um leigubifreiðar nr. 134/2001, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Samöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 27. mars 2020.*

**Sigurður Ingi Jóhannsson.**

\_\_\_\_\_  
*Ragnhildur Hjaltadóttir.*